

Mál nr. 179/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar verslunar.

Kona slasaðist er hún datt á gólfi í geymslu fyrir innkaupakerrur í verslun þann 16.6.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 19.9.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 8.10.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M mun hafa verið að ganga frá innkaupakerru í fordyri eða kerruskýli verslunarinnar V er hún rann í polli á gólfinu með þeim afleiðingum að hún datt og hlaut meiðsl á fótum, hægri mjöðm og vinstri öxl. Í greinargerð með málskotinu er af hálfu M skýrt frá því að pollur hafi myndast á gólfinu í gönguleið að einum af þrennum útidyrum V. Hafi pollurinn myndast sökum þess að frárennslisrör inni í klæðningu fordyrisins hafi lekið. Við það hafi gólfið sem er rennislétt orðið mjög hált.

V hefur keypt ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélaginu X vegna starfsemi sinnar. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingunni á þeim forsendum að aðstæður við innganginn í verslunina hafi ekki verið nægilega öruggar fyrir viðskiptavinum. V hafi borið að sjá til þess að aðstæður og umbúnaður væri ekki hættulegur fyrir neytendur og aðra sem þarna eiga leið um og frágangur á frárennslislöngnum í klæðningunni væri forsvaranlegur og skapi ekki slysaáætlu.

Af hálfu X hefur bótakröfum verið hafnað. Umræddan dag hafi gert úrhelli í stuttan tíma og verið gæti að rigningarvatn hafi borist inn í kerruskýlið með viðskiptavinum og kerrum. Ekki sé heldur loka fyrir það skotið að vatn hafi lekið með niðurfallsröri líkt og M heldur fram og hún runnið eða snúið sig á ökkla vegna þess. Ekkert vitni hafi þó orðið að slysinu og ómögulegt að segja hvað hafi nákvæmlega valdið því. Við athugun af hálfu X í kjölfar slyssins hafi leitt í ljós að aðstæður væru með besta móti og ekki sé um mikinn vatnsleka að ræða og jafnvel þótt gólfið væri blautt væri það mjög stamt.

Álit.

Svo M geti átt skaðabótakröfu á hendur V verður hún samkvæmt reglum skaðabótaréttar að sýna fram á að slysið verði rakið til vanbúnaðar á húsnæði V eða að slysið verði rakið til vanrækslu eða annars konar saknæmrar háttsemi starfsmanna M. Við ýmsar aðstæður, svo sem í miklu votviðri, má búast við að bleyta safnist fyrir við verslanir og í fordyrum þeirra eins og mun hafa gerst við verslun V er M slasaðist. Engin vitni voru að slysinu. Af hálfu V hefur verið mótmælt að hálka hafi myndast á gólfinu þrátt fyrir að bleyta kunnist að hafa safnast þar fyrir. Engin hlutlaus rannsókn eða mat hefur farið fram á því hvernig aðstæður voru og hvað kunnist að hafa valdið bleytu á gólfinu umrætt sinn. Af gögnum málsins verður að telja ósannað að slysið verði rakið til vanbúnaðar í versluninni eða annarra atvika sem V getur borið ábyrgð á. Líkamstjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 4. nóvember 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.